



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 8. október 2024, fundur hófst kl 18:00.

**Staður:** Fundarherbergi Samskipahöllin

Mættir eru: Katla Gísladóttir, Davíð Áskelsson, Sigurbjörn Eiríksson, Hermann Vilmundarson, Haraldur Pétursson, Þórunn Sigurðardóttir framkvæmdastjóri.

Fjarverandi: Lárus Sindri Lárusson (nám), Jónína Björk Vilhjálmsdóttir (erlendis)

### 1. Verkefni framkvæmdastjóra

Staðan ágæt, ekkert sem brennur sérstaklega. Var búin að senda póst á stjórnina sem Davíð var búinn að svara að einhverju leiti. Býður fram aðstoð sína við umsjón með reiðhallarlyklunum.

### 2. Landsþing

Rætt um þátttakendalista fyrir LH þing en listanum þarf að skila 10 okt. Ca. 20 manns þegar komnir á listann. Katla hefur yfirumsjón með að hafa samband við þingfulltrúa.

### 3. Æskulýðsnefnd

Farið fyrir bréf frá æskulýðsnefnd, Sigurbjörn sendir svar fyrir hönd stjórnar.

### 4. Tölvupóstar frá yfirþjálfara

Farið yfir tölvupósta frá Þórdísi, búin er að svara einhverju og annað í vinnslu.

### 5. Reglubreytingar áhugamannadeildar

Fundur í gær með fráfarandi stjórn Áhugamannadeildar, einhverjir hætta en ekki allir. Ákveðið var að auglýsa eftir nefndarfólki.

Tvær breytingartillögur komu frá fráfarandi stórn. Tillagan rædd og mun Katla svara tillögnum.

### 6. Salurinn

Fyrirspurn um leigu á salnum 23. mars. Þennan dag eru aðrir vetrarleikar Sprettis á dagskrá og því ákveðið að bjóða ekki upp á útleigu þann dag.

### 7. Húsasmiðjuhöll

Lagfæring á hurðinni klárast í þessari viku. Ekkert rennsli er á heitu vatni inn í Húsasmiðjuhöllinni, Þórunn hefur samband við Veitur. Hermann kannar með hraðastýringu á blásurunum í höllinni.

### 8. Önnur mál

Búin er að vatnstæma klósett gáminn niður á keppnisvelliinum, Hermann sá um það.

Fundi slitið kl. 20:00

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson